Norðurlandaráð

Tilmæli 5/2020

Fyrra skjalsnúmer	A 1834/holdbart
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin
Fylgiskjal/-skjöl	A 1834_holdbart Nefndartillaga um sameiginlegar aðgerðir til að draga úr matarsóun á Norðurlöndum

Sameiginlegar aðgerðir til að draga úr matarsóun á Norðurlöndum

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 19. ágúst 2020 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að halda samráðsfund um matarsóun með sérfræðingum, fulltrúum Norðurlandanna í ESB-verkefninu „Food loss and waste platform" og fulltrúum úrgangshóps umhverfis- og loftslagsmálageirans, öðrum hlutaðeigandi aðilum, áhugafólki og almenningi

að hrinda af stað herferð um matarsóun sem byggi á samráðsfundinum og norrænni reynslu

að taka saman áfangaskýrslu árið 2024 sem sýni framvindu Norðurlandanna við að ná markmiðum sínum og norræna markmiðinu sem endurspeglar heimsmarkmið 12.3 um að sóun matvæla á smásölumarkaði og hjá neytendum hafi minnkað um helming á hvern íbúa og að nýting í matvælaframleiðslu og hjá birgðakeðjum verði bætt fyrir árið 2030, og koma með tillögur að aðgerðum sem styðja Norðurlöndin við að ná heimsmarkmiðunum fyrir árið 2030

Kaupmannahöfn, 19. ágúst 2020

Silja Dögg Gunnarsdóttir	*Britt Bohlin*
Forseti Norðurlandaráðs	Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs